

Til nemenda í dagskóla

Heilbrigðisráðherra hefur ákveðið að öllum skólum á framhalds- og háskólastigi verði lokað frá og með mánudegi 15. mars. Gert er ráð fyrir að lokunin standi í 4 vikur en það kann að breytast ef aðstæður breytast. Eins og er gerum við ráð fyrir að hefja hefðbundið skólastarf á ný miðvikudaginn 15. apríl eða strax að loknu páskaleyfi. Vinsamlega takið allt ykkar dót þegar þið yfirgefið skólann í dag - svo fremi sem það er mögulegt. Fylgist vel með skilaboðum frá okkur en við munum greina nánar frá því hvernig við leysum einstök mál á næstu dögum. Inna.is, síminn og tölvupósturinn verður lykilvettvangur fyrir samskipti ykkar við skólann þessar fjórar vikur því þrátt fyrir að húsið sé lokað gerum við ráð fyrir að þið haldið náminu áfram í fjarnámi. Við ætlum okkur að ljúka öllum okkar áföngum á önninni og að útskrifa þá nemendur sem stefna að útskrift. Nýtið tímann vel og reynið líka að njóta hans eins og þið getið. Þið heyrið frá okkur!

Til foreldra/forráðamanna barna og unglunga á námskeiðum

Þrátt fyrir að stórum hluta Myndlistaskólans hafi verði lokað í samræmi við tilmæli stjórnvalda heldur barna- og unglingadeild starfseminni áfram.

Skv. tilmælum yfirvalda er skólum á framhalds- og háskólastigi lokað en grunnskólar starfa með þeim hætti að ekki séu fleiri en 20 nemendur í hverri stofu. Á námskeiðum Myndlistaskólans eru nemendur aldrei fleiri en 12. Því munu barna- og unglinganámskeið áfram fara fram innan skólans. Þess verður gætt að nemendahópar fari ekki samtímis í kaffipásu.

Þetta fyrirkomulag verður viðhaft á meðan ekki berast tilmæli um annað en skólinn fylgir að sjálfsögðu tilmælum frá skóla- og frístundasviði Reykjavíkur.

Til nemenda á námskeiðum fyrir fullorðna

Skv. tilmælum stjórnvalda falla námskeið skólans fyrir fullorðna niður næstu vikur. Gert er ráð fyrir að lokunin standi í 4 vikur en það kann þó að breytast ef aðstæður breytast. Eins og er gerum við ráð fyrir að hefja skólastarf á ný miðvikudaginn 15. apríl eða strax að loknu páskaleyfi. Fylgist með á vefsíðu skólans.